

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1271
komudagur 20.1.2013

V/þingskjal 561-mál 447

Skrifstofa Alþingis

Atvinnuveganefnd

Ágætu nefndarmenn í atvinnuveganefnd, ég ætla að senda ykkur óumbeðið ábendingar eða umsögn um þingskjal 561-mál 447 sem er frumvarp til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, (stærðarmörk krókaaflamarksbáta, strandveiðar).

Mín umsögn varðar stærðarmörk krókaaflamarksbáta og þá hættu að mikið af krókaafلامarki flytjist upp í aflamarskerfið ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt.

Sú breyting hefur orðið á málinu síðan frumvarpið var samið, að nú hefur fjöldi báta verið stækkaður upp fyrir 15 brúttótonn en ekki aðeins einn, þessir bátar hafa flestir mjög miklar aflaheimildir sem gætu færst upp í aflamarskerfið.

Ef lögum verður jafnframt breytt þannig að allir krókaafلامarksbátar fái línuívilnun óháð því hvernig línan er beitt þá kæmi það að mínu mati algerlega í veg fyrir að nokkur hefði áhuga á að færa heimildir yfir í aflamasrkskerfið.

Í núgildandi lögum er útgerðarmönnum mismunað varðandi línuívilnun eftir því hvernig línan er beitt, þeir sem nota vélar við að vinna verkið fá enga ívilnun og þannig er staðið í vegi fyrir framþróun tækninnar á þessu eina sviði atvinnulífsins sem er að mínu viti ákaflega óskynsamleg afstaða, nær væri að stuðla að tæknivæðingu og framþróun á þessu sviði eins og öðrum.

Ef lögum um línuívilnun verður breytt eins og áður er rakið væru þeir hagsmunir að vera áfram í krókaafلامarki og geta fengið línuívilnun þótt notuð sé beitningarvél mun þyngrri á metunum heldur en að flytja heimildirnar yfir í aflamarkið.

Þorlákshöfn 20. Janúar 2013

Þorvaldur Garðarsson

Básahraun 22, Þorlákshöfn (gerir út 14,9 tonna krókaafلامarksbát)